

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastjóld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1951, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hér er um að ræða framlenging fyrir árið 1951 á ýmsum gjaldahækkunum, sem gilda í ár, og sömu ástæður eru nú sem áður fyrir þeim.